


# LÖGMANNA BLAÐIÐ



4. árg.

Desember

3 / 1998

Peningaþvætti, þagnarskylda lögmanna og samstarf við  
aðrar stéttir

Af Merði lögmanni

Nýjar samþykktir LMFÍ

Fræðslumál í nýjan farveg

Ávarp formanns LMFÍ á aðalfundi Dómarafélags Íslands

Af vettvangi dómsmála

Um Hæstarétt Íslands

Frá laganefnd LMFÍ

Lögmannalög: Skipan í nefndir

Útgefandi:  
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Marteinn Másson

Ritnefnd:  
Árni Vilhjálmsson, hrl.  
Björn L. Bergsson, hdl.  
Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.



*Peningaþvætti,  
þagnarskylda  
lögmanna og  
samstarf við  
aðrar stéttir*

—  
*Bls. 3*

*Nýjar  
samþykktir  
LMFÍ*

—  
*Bls. 7*

*Frá  
laganefnd  
LMFÍ*

—  
*Bls. 22*

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1.000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1.400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
		1997	8.800.-	fjögur bindi

50% afsláttur til laganema

# Peningaþvætti, þagnarskylda lög- manna og samstarf við aðrar stéttir

**M**eðferð persónulegra trúnaðarupplýsinga hefur verið mjög umrædd á síðustu mánuðum, einkum í sambandi við frumvarp um gagnagrunn. Minni gaumur hefur verið gefinn undirbúningi breytinga á löggjöf um peningaþvætti. Það mál hefur nánast ekki verið rætt opinberlega, en hópur embættismanna hefur unnið að undirbúningnum, þótt fulltrúar þeirra sem vinnunni tengjast hafi fengið færi á að fylgjast með.

Skipulögð glæpasamtök um víða veröld sækjast eftir því að koma illa fengnu fé í „þvottavélar“ þaðan sem taka meg þáð út, hvítþvegið,



*Jakob R. Möller,  
brl., formaður  
L.M.F.Í.*

til almenns brúks. Hópur sérfræðinga á vegum OECD hefur mörg undanfarin ár unnið að gerð og endurskoðun reglna um hvernig ríki heims geti varið sig fyrir því,

-----  
*Þagnarskylda lögmanna  
er í þágu réttaröryggis og  
liður í vernd persónu-  
legra upplýsinga.*  
-----

að glæpasamtök nái að þvo fé sitt og koma því í almenna umferð. Íslenzku lögin um peningaþvætti, nr. 80/1993, eru afrakstur þessa starfs. Endurskoðun laganna er einnig reist á vinnu OECD-hópsins. Með endurskoðuninni er markmiðið að loka leiðum til peningaþvættis, sem enn eru taldar opnar. Kjarni laga 80/1993 er að skylda fjármálastofnanir til þess að tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti sem ætla má að stafi frá brotum á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni og fjármálastofnunin **má ekki láta viðskiptamann sinn vita, að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar.** Við endurskoðun laganna er markmiðið m.a. að loka öðrum leiðum til þvottar en um fjármálastofnanir. Hafa sérfræðingar þar m.a. beint sjónum að viðskiptamönnum lögmanna og end-

urskoðenda, það er þegar t.d. lögmennt annast fjármálaþjónustu af einhverju tagi fyrir viðskiptamenn sína, taka við peningum vegna þeirra o.s.frv. Í slíkum störfum ættu þá venjulegar reglur um þagnarskylda lögmanna að víkja fyrir reglum laga um tilkynningarskyldu vegna peningaþvættis.

Þagnarskylda lögmanna er í þágu réttaröryggis og liður í vernd persónulegra upplýsinga. Yfirleitt hefur verið talið, að þrjár stéttir skæru sig frá öðrum í mikilvægi þess, að verndaðar væru upplýsingar um einkahagi sem fram kæmu í starfi. Þessar stéttir eru prestar, lækmar og lögmenn. Í ýmsum löndum er þagnarskylda presta og verjenda í sakamálu algjör, það er hún verður ekki rofin nema til þess að forða því að mjög alvarlegir, yfirvofandi, glæpir gegn lífi og limum verði framdir. Samkvæmt 22. gr. lögmannaalaganna nr. 77/1998 ber lögmaður þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Fleiri stéttir bera lögum samkvæmt einnig þagnarskyldu, auk presta og lækna. Í dönsku réttarfarislögunum eru prestar, lækmar og lögmenn settir í sérstaka stöðu um, að þeir verði ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeim hefur verið trúað fyrir, móti vilja þess, sem hefur hag af leynd. Undantekning er svo gerð um lækna og lögmenn, aðra en verjendur, þegar vitnisburður þeirra er talinn algjörlega nauðsynlegur til upplýsingar í viðkomandi máli og það varðar mjög mikilsværða einstaklings- eða samfélags-hagsmuni. Þó verður lögmaður ekki krafinn vitnisburðar um það, sem hann hefur orðið áskynja um í dómsmáli, sem hann hefur rekið eða ráðgjafar hans verið leitað. Af þessu sést, að í Danmörku er

## Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmfí@tv.is  
heimasíða: www.lmfí.is

### Stjórn L.M.F.Í.

Jakob R. Möller, brl.,  
formaður  
Ásgeir Thoroddsen, brl.  
varaformaður  
Kristinn Bjarnason, brl.,  
ritari  
Sif Konráðsdóttir, hdl.,  
gjaldkeri  
Sigurbjörn Magnússon, brl.,  
meðstjórnandi

### Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja

**Umsjón auglýsinga:**  
Öflun ehf., sími 561-4440

Þagnarskylda presta og verjenda algjör, lögmanna nær algjör og lækna mjög rík. Aðrar stéttir, þar á meðal t.d. endurskoðendur og félagsráðgjafar, hafa svo þagnarskyldu, en verða auðveldlegar skyldaðir til að bera vitni um það, sem þeir hafa orðið áskynja í störfum sínum.

Annar bragur er á íslensku einkamálaálagunum. Þar eru í einum flokki margar stéttir, þar á meðal prestar og lögmenn, endurskoðendur og

-----  
*Borgararnir verða að  
geta treyst því, þegar þeir  
leita ráða hjá lögmanni,  
að honum beri ekki  
skylda til að skýra  
opinberum yfirvöldum frá  
aðstæðum.*  
-----

félagsráðgjafar, lækningar og lyfsalar, og enginn greinarmunur gerður á milli, sjá 2. og 3. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991. Þýðing þess, að ekki hvílir sérstaklega rík þagnarskylda á prestum og lögmönnum kom svo fram í dómi Hæstaréttar H 1996.3575, en þar voru prestur og lögmaður skyldaðir til að bera vitni um atvik, sem þeir höfðu komið að í starfi sínu við annarsvegar sál-gæzlu og sáttumleitun á milli hjóna

og hinsvegar gerð skilnaðarsamnings. Því verður ekki haldið fram hér, að túlkun Hæstaréttar á ákvæðum einkamálaálaganna hafi verið röng, heldur hinu að dómurinn sýni, að á lögnum sé brotalöm, alveg sérstaklega með vísan til vitnaskyldu prests-ins.

Fitjað er upp á þessu til að minna á, að þagnarskylda lögmanna er liður í réttaröryggi. Borgararnir verða að geta treyst því, þegar þeir leita ráða hjá lögmanni, að honum beri ekki skylda til að skýra opinberum yfirvöldum frá aðstæðum. Benda má á, að þótt endurskoðendur hafi þagnarskyldu um það, sem fram fer í starfi þeirra, ber þeim einnig að skýra t.d. félagsfundi frá því, hafi þeir komið að misjöfnu í endurskoðunarstarfi sínu, þar á meðal með áritun á ársreikning. Þagnarskylda þeirra er því ekki nærri jafnrík og lögmanna.

Ákvæði 4. mgr. 19. gr. lögmannalaganna, sem banna að aðrir en lögmenn eigi lögmannsstofur eða félög um þær, eru til þess gerð að koma í veg fyrir svokölluð Multi Disciplinary Partnerships, það er sameignar-samstarf lögmanna og t.d. endurskoðenda. Ekki er talið að unnt sé að vera með mismunandi ríkar kröfur um þagnarskyldu til manna, sem starfa á sömu starfsstöð. Eina leiðin til þess að tryggja vernd trúnaðarupplýsinga, sem lögmenn búa yfir, er því að banna sameignar-samstarf þeirra við aðrar stéttir sem ekki hafa jafnríkar trúnaðarskyldur.

Minna má á, að viðskiptamenn lögmanna þurfa þá helzt á trúnaði lögmannsins að halda, þegar þeir hyggja á nýjar brautir í viðskiptum. Sé trúnaðarskylda lögmannsins ekki nánast algjör er hætt við að viðskiptamaðurinn láti vera að leita ráðgjafar og gæti af þeim sökum leiðt út í ólöglegt athæfi. Trúnaðarskylda lögmanna vinnur því gegn ólöglegri starfsemi.

Mjög brýnir þjóðfélagslegir hagsmunir eru bundnir því að koma í veg fyrir skipulega glæpastarfsemi og það peningaþvætti, sem henni fylgir. Gæta þarf þó vandlega að því, að með reglum um tilkynningarskyldu um grun um ólöglegt athæfi sé ekki grafið undan öðrum stöðum lýðræðislegs þjóðfélags, þar á meðal réttarörygginn.

# Þessi er allt í öllu á skrifstofunni



Tölvutengjanleg  
ljósrítunarvél  
Prentari  
Faxtæki



Nashuatec D420

Stafræn ljósrítun gefur m.a.

- Hámarks myndgæði
- Innbyggða rafræna röðun
- 600 dpi prentun á A3 og minna
- Tengingu við tölvukost fyrirtækisins
- Einfaldari vél
- Fjölbærari vél
- Hljóðlátari vinnslu
- Ófluga faxtengingu

nashuatec

**OPTIMA**

ARMÚLA 8 • SÍMI 588 9000



# Þeir fundvísu leita til okkar

**ICELANDAIR HOTELS**

Bókunarsími 50 50 910

**HÓTEL LOFTLEIÐIR**  
ICELANDAIR HOTELS

Sími 50 50 900

**HÓTEL ESJA**  
ICELANDAIR HOTELS

Sími 50 50 950

**HÓTEL KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**  
ICELANDAIR HOTELS

Sími 487 4799

**HÓTEL HÖFN**  
ICELANDAIR HOTELS

Sími 478 1240

**HÓTEL HÉRAÐ**  
ICELANDAIR HOTELS

Sími 471 1500

# Af Merði lögmanni

Mörður kom bara vel undan sumrinu og að lokinni sláturtíð fannst honum hann hreint ekki þurfa að kvíða vetri. Hann hafði haft það gott, prófað golf til að vera eins og hinir og gat nú tekið þátt í umræðum um fugla, Tiger Woods, húkk og slæs. Mörður hafði einnig fylgst með athygli með ritdeilum tveggja andans jöfra úr lögmannastétt í fjölmiðlum um leitina að hinni einu sönnu lögfræðilegu niðurstöðu. Merði fannst sem höfundur Njálu væri týndari en niðurstaðan í þessari deilu. Deilur þessara stórvíðsnerust einnig um það hvort skamma mætti dómara og þá sérstaklega hæstaréttardómara. Annar lögmaðurinn taldi að almennt veiðileyfi væri á dómstólana og að veiðitíminn stæði árið um kring, enda sá lögmaður þekktur laxveiðimaður, en hinn lögmaðurinn taldi að menn ættu ekki að hrekkja dómara, og allra síst ættu lögmennt að gera það.

Mörður var gamalt hrekkjusvín úr Hlíðahverfinu og honum fannst bara allt í lagi að skamma dómara, dómsúrlausnir og dómstóla. Honum fannst t.d. fáránlegt að í síðareglum lögmannna stæði að lögmennt ættu að sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Merði var ekki kunnugt um að sams konar ákvæði væru í síðareglum dómara, eða yfir höfuð hvort dómara væru með einhverjar síðareglur. Ef slíkar reglur væru til þá var þeim a.m.k. ekki mikið haldið á lofti. Merði fannst t.d. að ef gera ætti þá kröfu til lögmannna að þeir bæru virðingu fyrir dómstólum, þá yrði sú virðing að vera gagnkvæm. Mörður taldi að það færi ekki á milli mála að t.d. hæstaréttardómara bera enga virðingu fyrir lögmonnum, a.m.k. bentu málskostnaðarákvarðanir Hæstaréttar til þess að dómurum findist lítið til starfa lög-

mannt koma. Stundum dygði málskostnaðarákvörðun Hæstaréttar ekki fyrir bensíninu á bílinn niður á Lindargötu. Þá væri augljóst að hæstaréttardómara, sem vel flestir hefðu staðið á beit í ríkisjötunni alla sína hunds og kattartíð, vissu ekki að það kostaði eitthvað að reka skrifstofu. Niðurstaðan úr þessum vangaveltum Marðar var sú að úr því að dómara mættu skamma lögmennt, eins og Mörður sjálfur hafði lent í oftar en einu sinni, þá væri bara allt í lagi að lögmennt skömmuðu dómara. Ákvæði í síðareglum lögmannna um að gagnrýni á dómstóla yrði að vera fagleg og málefnaleg væri óskiljanleg. Niðurstöður dómara væru oft víðs fjarri því að vera faglegar og málefnalegar. Það væri í bestu samræmi við þá jafnræðisreglu sem gilda ætti að allir mættu skamma alla. Þannig gætu dómara skammað lögmennt, lögmennt skammað dómara og svo koll af kolli. Mörður myndi síðan skamma konuna sína, konan krakkana og krakkarnir köttinn. Þessi regla myndi leiða til bættrar geðheilsu þjóðarinnar. Þessar vangaveltur Marðar leiddu hann aftur að deilum tvímenninganna um hina einu sönnu lögfræðilegu niðurstöðu. Merði fannst það ekki skipta máli hvort hún væri ein, tvær eða tíu. Þegar hann tapaði máli hafði dómarnir hvort eð er alltaf á röngu að standa. Hin eina sanna lögfræðilega niðurstaða væri bara einstaklingsbundin, þetta sæist best á því hvað væru mörg sérákvæði í Hæstarétti. Úr því að þessir júrídísku jötnar gætu ekki komið sér saman um eina niðurstöðu, þá væri hin eina sanna lögfræðilega niðurstaða ekki til. Þegar hingað var komið í vangaveltum Marðar var hann orðinn svo þreyttur og geðvondur á því að hugsa svona mikið að hann fór að æfa þútt á skrifstofugólfinu. Hann vissi a.m.k. alltaf hvort hann hefði hitt í mark við þá iðju eða ekki.

# Nýjar samþykktir LMFÍ

**Í samræmi við niðurstöður aðalfundar LMFÍ þann 13.3. 1998 voru á framhaldsaðalfundi þann 12.11. s.l. lagðar fram tillögur að endurskoðuðum samþykktum fyrir LMFÍ.**

Framhaldsaðalfundurinn féllst á tillögurnar og taka endurskoðaðar samþykktir fyrir LMFÍ gildi þann 1.1.1999. Af því tilefni er rétt að gera nokkra grein fyrir aðdraganda nýrra samþykktu, hvernig var að verki staðið, helstu breytingum sem felast í endurskoðuðum samþykktum og hvernig þær munu hugsanlega hafa áhrif á starfsemi félagsins.

Ný lög um lögmenn nr. 77/1998 voru samþykkt 2. júní 1998 og taka gildi 1.1.1999. Forsaga laganna er orðin nokkur og lesendum Lögmannaablaðsins vel kunn sem og þau aðalatriði laganna sem ollu nokkrum skoðanaskiptum milli frumvarpshöfunda, ráðuneytis og LMFÍ. Niðurstaðan er eins og laga-textinn ber með sér að áfram skulu lögmenn hafa með sér félag og er öllum lögmönnum skylt að vera þar félagsmenn. Félagið á að setja sér samþykktir og skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum. Lögmannafélagi Íslands er þó heimilt að starfrækja í öðru skyni félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmönnum er frjálst að eiga aðild að, en fjárhag þessara deilda skal aðgreina frá fjárhag félagsins.

Í 5. gr. laganna eru síðan nánari skilgreiningar á hlutverki Lögmannafélagsins en það á að koma fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um málefni stéttarinnar, setja siðareglur fyrir lögmenn og stuðla að því að þeir sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar. Þá eru ákvæði um ýmis afmörkuð verk-



*Sigurmar K. Albertsson, brl.*

efni Lögmannafélagsins s.s. um eftirlits- og agavald, skipan í nefndir, umsagnar- og afskiptarétt o.fl., o.fl.

Af sjálfu leiddi að starf þeirrar sjö manna nefndar sem aðalfundur 1998 kaus til að endurskoða samþykktir félagsins tók mið af lögum nr. 77/1998 svo og þeirra skilaboða sem fólust í niðurstöðum dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 259/1997.

— — — — —  
*. . . leyfir nefndin sér því að álykta sem svo að félagsmenn hafi verið a.m.k. sæmilega sáttir við tillögur að endurnýjuðum samþykktum.*  
— — — — —

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf var ákveðið að kalla til stærri hóp lögmanna í því skyni að kanna viðhorf til þeirra hugmynda nefndarmanna sem höfðu mótast á nokkrum fyrri fundum. Hópurinn var valinn af handahófi, en reynt að ná saman lögmönnum af ólíkum starfsvettvangi, ná fram aldursdreifingu, o.s.frv., en fjöldinn takmarkaðist af stærð fundarsalar LMFÍ.

Í stuttu máli heppnaðist fundurinn ágætlega þrátt fyrir e.t.v. erfitt fundarform, en þeir tæplega fjóru tíu lögmenn sem sátu fundinn,

tjáðu sig allir um fundarefnið og ljóstu skoðunum sínum.

Ekki er tilefni til að rekja umræður á fundinum ítarlega en í stuttu máli var ljóst að viðhorf allflestu var að félagið skyldi fara sér hægt og ef skrefin reyndust of stutt þá ætti að lengja þau eftir þörfum í ljósi reynslunnar. Einnig kom sterklega fram hjá fundarmönnum að hvernig svo sem allt veltist mættu endurnýjaðar samþykktir ekki verða þannig úr garði gerðar að félagið yrði gelt og steinrunnið og einungis grófur rammi utan um starfsemi LMFÍ í samræmi við þrengstu skýringar á texta l. nr. 77/1998.

Að öðru leyti var starf nefndarinnar með hefðbundnum hætti og hélt nefndin fundi með stjórn LMFÍ. Framkvæmdastjóri félagsins starfaði með nefndinni og formaður félagsins fylgdist með störfum hennar. Form og uppsetning samþykkanna er að nokkru sótt til danska lögmannafélagsins, en samþykktir þeirra eru þó vissulega talsvert viðameiri og taka til fleiri þátta.

Stofn samþykktu LMFÍ er frá árinu 1944 og í ljósi ártalsins og með friðunarsjónarmið í huga sá nefndin ekki ástæðu til að rífa upp texta allra greina eldri samþykktu. Því er sumt í texta endurnýjaðra samþykktu með eilítið fornum blæ.

Tillögur nefndarinnar voru sendar félagsmönnum LMFÍ og beðið um athugasemdir og ábendingar. Ekkert slíkt kom fram, utan ein breytingatillaga, og leyfir nefndin sér því að álykta sem svo að félagsmenn hafi verið a.m.k. sæmilega sáttir við tillögur að endurnýjuðum samþykktum. Enda voru þær samþykktar á framhaldsaðalfundinum sem fyrr segir.

Helstu breytingar sem felast í endurnýjuðum samþykktum LMFÍ

eru, eins og leiða má af lögnum, að félagið verður tvískipt, þ.e.a.s. að innan LMFÍ verður rekin sérstök félagsdeild. Um félagsdeildina er fjallað í 10. kafla laganna og í 20. gr. samþykktanna segir að setja skuli deildinni sérstakar reglur og voru drög þeirra reglna kynnt á framhaldsaðalfundinum en um þær verður fjallað ítarlegar á aðalfundi 1999. Í 18. gr. segir einnig að hlutverk deildarinnar verði að annast þau verkefni sem henni eru fallin á aðalfundi deildarinnar eða samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Sérstök ályktun var lögð fram á framhaldsaðalfundin-

um og samþykkt og eru efnisatriði ályktunarinnar þau að sumarhús, bókasafn, fræðslustarf, útgáfa hæstaréttardóma og almenn félagsstarfsemi mun falla undir félagsdeild frá 1.1.1999. Trúir þeirri leiðsögn sem nefndarmenn fengu á áður nefndum lögmannafundi um hægfara þróun verður stjórn LMFÍ einnig stjórn félagsdeildarinnar.

Aðrar veigamiklar breytingar eru að 17. gr. eldri samþykktu fellur niður og málagjald verður ekki innheimt eftir 1. janúar n.k. Ástæður þessarar breytingar eru m.a. þær að innheimta þessa gjalds hefur verið gagnrýnd þar á meðal

á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Einnig er staðreynd að gjaldið, sem ekki hefur hækkað í allmörg ár, hefur vegið æ minna í fjárhag félagsins og ráða þar mestu um réttarfarsbreytingarnar 1992 og sú fækkun þingfestinga dómsmála (innheimtumála) sem fylgdi í kjölfarið.

-----  
*Eins og ævinlega er erfitt  
að spá, sérstaklega um  
fram tíðina og tíminn  
mun auðvitað leiða í ljóst  
hvað bíður starfsemi  
LMFÍ.*  
-----

Þessi breyting hefur einnig í för með sér að ábyrgðasjóður og námsjóður hættu að fá tekjur en eitt af þeim atriðum sem borið var undir stórfund lögmannna var hverja framtíð ábyrgðasjóðurinn ætti sér. Nánast allir vildu fella hann niður og er það í raun gert með þessum hætti. Nefndin gerði ekki tillögur um hvað gera skuli við sjóðina og innistæður sem í þeim eru en ætla stjórn félagsins tillögugerð í þeim efnum.

Önnur veigamikil breyting er að úr 11. gr. eldri samþykktu eru felld niður ákvæði um gjaldskrárnefnd og kjaranefnd og þær verða ekki lengur til. Í raun var a.m.k. nafnið „gjaldskrárnefnd“ mjög óheppilegt og tæpast löglegt miðað við niðurstöður í málum Samkeppnisstofnunar og l. nr. 8/1993 og kjaranefnd varla tæk í samþykktum LMFÍ eftir gildistöku l. nr. 77/1998. Til að mæta þeim þörfum sem m.a. voru áður verkefni nefndanna, er sett í 12. gr. endurnýjaðra samþykka ákvæði um að félagsfundir eða stjórn LMFÍ geti skipað nefndir ad hoc til að fjalla um sérstök málefni. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á e-lið 11. gr. um hlutverk stjórnar en þar segir að stjórn LMFÍ leysi úr ágreiningsmálum félagsmanna innbyrðis og gæti þess að fylgt sé góðum lögmannsháttum. Þörf er fyrir ákvæði sem þetta

Bedco & mathiesen 4-litur



enda hafa mál af þessu tagi stundum komið til úrlausnar gjaldskrár-nefndar og ákvæði um þessi efni eru ekki í l. 77/1998.

Á 12. gr. eldri samþykktu eru gerðar þær breytingar að nú er ætlast til þess að tveir hæstaréttarlögmenn hið minnsta sitji í stjórn LMFÍ, en þeir voru þrír áður auk þess sem fellt var niður ákvæði um að formann eigi að kjósa úr hópi hæstaréttarlögmanna. Þessi efnisatriði voru helstu tilefni skoðana-skipta innan nefndarinnar og varð niðurstaðan máламиðlun sem birtist í 10. gr. endurnýjuðu samþykktanna. Á framhaldsaðalfundinum þann 12.11. kom fram tillaga um að fella niður úr 1. mgr. ákvæði um hæstaréttarlögmenn, en tillagan var felld.

Ýmis smærri og úrelt ákvæði eru felld niður úr eldri samþykktum s.s. 2. gr. sem fjallar um að tilgangur félagsins sé að styrkja félagsmenn, ekkjur þeirra og munaðarlaus börn sbr. 18. gr. sem er hliðstæð en fjallar að öðru leyti um styrktarsjóð LMFÍ, sem aldrei hefur verið til nema í samþykktunum. Þá er 2. mgr. 4. gr. eldri samþykktu felld niður enda úrelt. Önnur ný atriði sem ekki hafa verið tünduð hér að framan og koma inni endurnýjaðar samþykktir eru 2. gr. sem er nokkurs konar manifesto um tilgang félagsins og 3. gr. sem leiðir

m.a. af Evrópusamstarfi. Í 4. gr. er því slegið föstu að tillögu félaga-réttarsérfræðinga innan nefndarinnar að félagsfundir hafi æðsta vald í málefnum félagsins og í 8. gr. er aukið við hlutverk aðalfundar eins og leiða má af l. 77/1998 og sama má segja um 11. gr. um hlutverk stjórnar félagsins. Önnur ný atriði eru að í niðurlagi 11. gr. er staða framkvæmdastjóra nefnd í samþykktunum svo og annað starfsfólk, en þessum ákvæðum er ætlað að hnykkja á því að LMFÍ sé með rekstur og hafi ýmislegt umleikis. Í 13. gr. er úrskurðarnefnd nefnd og áréttað ákvæði l. nr. 77/1998 að LMFÍ beri kostnað af starfi nefndarinnar. Í 17. gr. eru frjáltsari heimildir fyrir stjórnina um afslætti af félagsgjöldum og að eftirleiðis verði gjaldið innheimt í tvennu lagi. Ákvæði eru um firma og ritun félagsins í 21. gr. og um heiðursfélaga og merki félagsins í 22. gr., en síðast nefndu greinarnar eru nýjar.

Rétt er að hugleiða hvaða breytingar munu verða á starfsemi félagsins með breyttum samþykktum. Eins og ævinlega er erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina og tíminn mun auðvitað leiða í ljós hvað biður LMFÍ. Eins og áður var sagt hafði nefndin það að leiðarljósi að fara sér hægt og verða breytingarnar á samþykktum varla

taldar byltingarkenndar. Engu að síður gefur 10. kafli samþykktanna möguleika á miklu meiri umsvifum en tæk eru skv. eldri samþykktum og er sama hvort miðað er við heimildir eldri eða yngri laga um lögmenn. Það er þó víst að dýrara verður að reka félagið. Í fyrsta lagi má leiða af þeirri staðreynd að ágreiningsmál fara nú frá stjórn LMFÍ til úrskurðarnefndar að stjórnin hefur rýmri tíma til annarra og nýrra verka, en allt nýtt kostar fé. Í öðru lagi kalla nýjar hugmyndir og ný verkefni á meiri tíma; framkvæmdastjóri félagsins fær meira að gera og má þá vera að endirinn verði aukið starfslíð. Þá er í þriðja lagi ljóst af lögum nr. 77/1998 að þau leggja auknar skyldur og fleiri verkefni en nú eru á herðar LMFÍ. Allt kostar þetta fé og fyrirhöfn.

Að lokum skal samnefndarmönnum þakkað og síðast en ekki síst framkvæmdastjóra félagsins, Marteini Mássyni, sem reyndist drjúgur til verka eins og endranær.



www.lmfi.is

## Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

# Fræðslumál í nýjan farveg

Hinn 1. júlí sl. var undirrituð samstarfsfirlýsing milli annars vegar Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands og hins vegar Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, þar sem ákveðið var að taka upp samstarf á sviði endurmenntunar fyrir lögmenntun og aðra lögfræðinga.

Í kjölfar undirritunar þessarar samstarfsfirlýsingar undirbjuggu félögin og stofnunin í sameiningu þau námskeið sem auglýst voru í bæklingi Endurmenntunarstofnunar á haustmisseri 1998. Í samstarfsfirlýsingunni er tekið fram að árangur af þessu samstarfi verði metinn í lok haustmisseris og á grundvelli þess teknar ákvarðanir um frekara samstarf. Námskeiðin yrðu ýmist haldin í



**Sigurbjörn Magnússon,**  
*hrl. formaður fræðslunefndar LMFÍ*

salarkynnum Endurmenntunarstofnunar eða í húsnæði L.M.F.Í.

Ástæðan fyrir því að slíkt samstarf hefur verið tekið upp er fyrst og fremst sú að tryggja að lögmonnum standi ávallt til boða fjölbreytt úrval af góðum fræðslunámskeiðum. L.M.F.Í. hafði áður boðið uppá námskeið á vegum félagsins og höfðu þau verið vel sótt, en stjórn og fræðslunefnd töldu að nást mundi betri árangur ef L.M.F.Í., Lögfræðingafélagið og Endurmenntunarstofnun myndu sameina krafta sína á þessu sviði. Það er þó skýrt tekið fram af hálfu L.M.F.Í. að félagið getur að sjálfsgöðu haldið sjálf sérstök námskeið og fræðslufundi fyrir félagsmenn sína.

Á haustmisseri var boðið uppá mörg klassísk námskeið og má þar m.a. nefna námskeið um vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi, námskeið um hlutafélagarétt, námskeið um mál skv. hjúskaparlögum og námskeið um tekjuskatt atvinnurekenda. Þá voru ný námskeið, svo sem um samningsveð og ábyrgðir, þar sem fjallað var um reynsluna af nýju samningsveðlögum.

Ef félagsmenn hafa hugmyndir um námskeið eða málaflokka, sem félagið ætti að taka upp, þá eru þeir vinsamlega beðnir að hafa samband við fræðslunefndarmenn eða framkvæmdastjóra félagsins.

Í sambandi við fræðslumálin er rétt að geta þess að fyrir síðustu áramót var undirritað samkomulag L.M.F.Í., Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands við Lagastofnun Háskólans um nám lögfræðinga í kjörgreinum við lagadeildina. Um þetta samstarf hefur áður verið fjallað á þessum vettvangi en með samkomulaginu var lögmonnum tryggður réttur til að skrá sig í þær kjörgreinar sem boðið er uppá í fjórða hluta laganáms. Nú fer fram skráning á skrifstofu L.M.F.Í. fyrir vormisseri 1999.

Í fræðslunefnd félagsins eiga sæti auk undirritaðs, Andri Árnason, hrl. og Benedikt Guðbjartsson, hdl. Þá hefur Benedikt Bogason, skrifstofustjóri, sótt fundi nefndarinnar frá því að samstarfið hófst við Endurmenntunarstofnun. Það er von mín að með samkomulaginu, bæði við Lagastofnun og Endurmenntunarstofnun, sé skotið traustari fótum undir fræðslumál lögmannna og tryggt verði að ávallt né nægjanlegt framboð af eftirsóknarverðum og gagnlegum námskeiðum fyrir lögmenntun.

## LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

**Skjót og vönduð  
vinnubrögð.**

### ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Pósthússtræti 13, 2. hæð  
101 Reykjavík • Sími: 562-6588  
Bréfsími: 562-6551

Netfang: [ellening@islandia.is](mailto:ellening@islandia.is)

### Ellen Ingvadóttir

löggiltur dómtúlkur og  
skjalþýðandi

# Ávarp formanns L.M.F.Í. á aðalfundi Dómarafélags Íslands

**Á** aðalfundi Dómarafélags Íslands, sem haldinn var föstudaginn 20. nóvember s.l., flutti formaður Lögmannafélags Íslands, Jakob R. Möller, hrl., ávarp. Þar fjallaði formaðurinn um málefni, sem lögmönnum hefur lengi verið hugleikið, það er málskostnaðaráræðanir dómara í opinberum málum og gjafsóknarmálum. Ritstjórn Lögmannablaðsins þótti ástæða til, að fengnu leyfi formannsins, að birta ávarpið á síðum blaðsins, enda, eins og áður segir, efni þess lögmönnum ofarlega í huga.

„Hr. fundarstjóri, formaður Dómarafélags Íslands, dómsmálaráðherra, og virðulegir dómamar.

Ein af mörgum sögum sem sögð er af Winston Churchill er um það, hvað hann hafi þurft langan undirbúning til þess að flytja ræðu. Hann á að hafa sagt, að ef hann ætti að tala í 5 mínútur þyrfti hann minnst tveggja vikna undirbúning, ef hann mætti tala í tvo klukkutíma, gæti hann byrjað strax. Ég veit að það gleður ykkur, að það eru meira en tvær vikur síðan formaður Dómarafélagsins bauð mér hingað til þess að ávarpa aðalfundinn. Ekki ætla ég að líkja mér við Churchill, enda var hann stjórn-málamaður en ég er lögmaður, en ávarpið verður ekki langt.

Lögmannafélagi Íslands er að því sérstakur sómi að formanni þess skuli boðið að ávarpa þennan fund og flyt ég ykkur árnaðaróskir lögmanna.

Dómarar og lögmenn eiga það sameiginlegt að vera þjónar réttlætisins, göfugra hlutverk geta borgarar réttarríkis ekki kosið sér. Við lítum samt á verkefnið hvort frá sinni hliðinni, ef svo má segja. Dómarar geta aldrei gert meira en

helming lögmanna ánægðan í hverju einstöku dómsmáli, eins og Davíð Þór Björgvinsson sagði mönnum á nýlegu málþingi Lagadeildar og vafalaust er það einnig svo, að lögmenn iðki svo störf sín, að dómamar séu ekki alltaf ásáttir.

— — — — —  
*... vaxandi áhyggjur af  
hættunni sem réttaröryggi  
stafar af ákvörðunum  
dómara um málsvarnar-  
laun í sakamálum . . .*  
— — — — —

Í tveimur þáttum starfa sinna hefur dómurum þó tekizt á síðustu árum að gera alla lögmenn óánægða. Lögmenn og aðrir sem um þau mál hugsa hafa alvarlegar og vaxandi áhyggjur af hættunni sem réttaröryggi stafar af ákvörðunum dómara um málsvarnarlaun í sakamálum annarsvegar og þóknun lögmanna fyrir flutning gjafsóknarmála hinsvegar.

Ekki er nýtt, að áhugi sé á lögmannsþóknun. Fyrr á árum var rekið sakamál fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar. Sakamál þar sem fjöldi hinna beztu manna hafði verið veginn og úrslitin sögð hafa mikla þýðingu fyrir þróun landsmála. Hér á ég að sjálf sögðu við Njálsbrennu og eftirmál hennar á Alþingi. Brennumenn fengu sem málflutningsmann þann er talinn var þriðji mestur lögmaður á Íslandi, Eyjólf Bölverksson. Mikið var í húfi og lögmannsþóknunin rausnarleg eftir því: Gullhringur sem tók tólfhundrað mórend. Á mér fróðari mönnum skilst mér, að þetta hafi verið jafnvirði sautján til tuttugu kýrverða, eða um tvær komma ein miljón króna að núvirði. Þótt lögmenn nú þægju með

glöðu geði slíka þóknun í hinum stærstu málum, vildu þeir ekki deila örlögum með Eyjólf, sem Kári Sólmundarson skaut spjóti, kom á hann miðjan og féll hann þegar dauður til jarðar.

Nú nokkrar tölulegar staðreyndir: Fastakostnaður venjulegar lögmannsstofu er um það bil 4.000 krónur á útselda klukkustund lögmanns, áður en kemur að eiginlegum tekjum lögmannsins sjálfs, algengur taxti lögmanna er á bilinu 5.500 til 7.000 á hverja klukkustund. Miðað við að lögmaður inni af hendi 6 reikningsfæranlegar vinnustundir á hverjum degi (og það krefst meira en átta stunda vinnudags) þýðir 5.500 króna taxti um það bil 195.000 króna mánaðartekjur, brúttó án launatengdra gjalda. Nettó um 150.000, er það ekki helmingur af dómara launum?

Nýlegar ákvarðanir þóknunar í sakamálum í Hæstarétti þýða, að dómstóllinn ætlast til að verjandi noti einungis frá um það bil 4 klukkustundum upp í ef til vill rúmlega 7 klukkustundir til undirbúnings, flutnings og viðvistar dómssuppsögu í sakamálum. Vera má, að Hæstiréttur meti vinnu lögmanna svo, að meira framlag sé ekki í henni í þessum málaflokki. Þá verður til víthringur. Lögmenn finna, að vinna þeirra er vanmetin og leggja ekki meiri vinnu í hvert mál en þeir geta væntzt að fá greidda. Eftir stendur, að sakamaðurinn sem sviptur er frelsi í allt að fimm og hálf ári, eins og nýlegt dæmi sýnir, hefur fengið feribandaafgreiðslu: Ákærður, varinn og dæmdur með lágmarksfyrirhöfn allra sem að standa. Verður að draga í efa, að þessi vinnubrögð samrýmist ákvæðum Mannréttinda-sáttmála Evrópu, það er 3. tölulíðs 6. gr. sáttmálans.

Sumpart má segja, að ákvarðanir héraðsdómara í þessum efnum séu misvondar. Það verður ekki sagt um Hæstarétt, þar eru ákvarðanirnar nánast allar hraksmánarlegar.

Til þess að sem flestu sé til skila haldið, verður að nefna að í svokölluðum jätningamálum í héraði, þar sem vinna lögmans er yfirleitt lítil, eru ákvarðanir um málsvarnarlaun oft rausnarlegar.

Þegar saman er tekið eru skilaboð dómstóla til sakaðra manna og verjenda þeirra mjög skýr: Við viljum ekkert vesen, engar varnir, jätíði bara!

-----

*Við viljum ekkert vesen,  
engar varnir, jätíði bara!*

-----

Ég vil ekki undanskilja lögmenn þeirra hluta ábyrgðar á þessu ástandi. Vafalaust skortir oft á að þeir skili dómi vinnu- og tíma-skýrslum með skýrri grein fyrir þeirri vinnu, sem í málið fór.

Til úrbóta í þessu efni sýnast mér vera tvær leiðir: Annaðhvort bæti lögmenn og dómara vinnubrögð sín í því hvernig grein er gerð fyrir vinnuframlagi og ákvörðun tekin um laun fyrir hana,

eða

44. gr. laga um meðferð opinberra mála verði breytt þannig að

þóknun verði þá aðeins ákveðin að álitum að rökstudd krafa um þóknun liggji ekki fyrir. Ef rökstudd krafa um þóknun með nauðsynlegum gögnum liggur fyrir, verði dómur að taka rökstudda afstöðu til hennar.

Í gjafsóknarmálum er staðan ekki betri. Í 1. mgr. 127. gr. einkamála laga segir, að gjafsókn skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli. Dómstólar hafa að undanfögnu, að minnsta kosti, tekið fjölmargar ákvarðanir þar sem þeir ganga framur í sparnaði en hörðustu niðurskurðarmenn fjármálaráðuneytisins.

Þar sem ég starfa, er það reynslan að til undirbúnings og flutnings venjulegra mála í Hæstarétti fari um það bil 40 klukkustundir, ef til vill á bilinu 30-50. Umfangsmeiri mál taka allt að 100 klukkustundum. Mörg gjafsóknarmál eru all- eða mjög umfangsmikil.

Ég hef gert könnun á þóknun í tuttugu og þremur gjafsóknarmálum sem dæmd voru í Hæstarétti á árinu 1997. Hæsta þóknun var 400.000 krónur, sú lægsta 100.000, en meðaltalið 188.000 krónur. Ef reynsla okkar félaganna Hákonar Árnasonar er dæmigerð um tíma sem þarf til undirbúnings og flutnings, hafa lögmennirnir í gjafsóknarmálunum fengið að meðaltali 4.700 krónur á klukkustund, þar af

fara um það bil 4.000 í rekstur stofunnar áður en lögmaðurinn fær laun, þá eru eftir 700 krónur á klukkustund til lögmansins fyrir vinnuna.

Slíkar ákvarðanir um þóknun til málflytningsmanns gjafsóknarhafa sýnast vera í algjörrri andstöðu við 1. mgr. 127. greinar einkamála laga, ef ég væri ekki kurteis segði ég, að þetta væru brýn brot á greininni.

-----

*Sjálfsgagt þurfa lögmenn  
að rökstyðja betur  
málskostnaðarkröfur  
sínar, . . .*

-----

Sjálfsgagt þurfa lögmenn að rökstyðja betur málskostnaðarkröfur sínar, en geri þeir það, verða dómstólarnir að taka rökstudda afstöðu til þeirra. Núverandi ástand getur ekki gengið öllu lengur. Hér þarf enga lagabreytingu, dómara þurfa bara að fara eftir lögunum.

Auk Njálu er ávallt í íslenskri ræðu heimilt að vitna í heilaga ritningu. Í fjallræðunni sagði Meistarinn við mannfjöldann: „Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofna með hverju á að selta það. Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.“

Þið dómara eruð verjendur réttarríkisins, salt jarðar. Látið ekki saltið dofna. Lifið heil.“

# bóksala stúdentta

Stúdentahéimilinu við Hringbraut • Sími 570 0777 • Fax 570 0778  
Netfang: <http://www.boksala.is>

## Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi.

**Tekið er við þöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.**

# Af vettvangi dómsmála

*Um skuldajafnaðarheimild ríkissjóðs gagnvart þrotabúi á grundvelli  
3. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt*

Þann 26. nóvember s.l. gengu tveir athyglisverðir dómur í samkynja málum fyrir Hæstarétti: málum íslenska ríkisins gegn þrotabúum Miklagarðs hf. og Hafverks hf. (mál nr. 102 og 151/1998). Í máluum reyndi á heimild ríkissjóðs, skv. 3. mgr. 25. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, til að skuldajafna vangoldnum opinberum gjöldum á móti inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts, sem orðið hefur til vegna ráðstafana eða reksturs þrotabús eftir töku þess til gjaldþrotaskipta. Vitað er að niðurstöðu mála þessara hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu enda fjöldi þrotabúa í svipaðri stöðu hvað þetta varðar.

Vegna forsögu málsins er rétt að geta þess að með dómi Hæstaréttar, hrd. 1995/2582, var dæmt að umrædd skuldajafnaðarheimild ríkissjóðs ætti ekki að víkja vegna inneignar sem myndaðist hjá skuldara á **greiðslustöðvunartíma**. Með dómi Hæstaréttar, hrd. 1997/591, var komist að sömu niðurstöðu varðandi inneign sem myndaðist eftir að **naudasamningur** hafði verið staðfestur. Er í forsendum beggja dóma vísað til þess að ekki fengist séð að tilætlun löggjafans hefði verið sú að umrædd heimild virðisaukaskattslaganna til skuldajafnaðar ætti að víkja vegna greiðslustöðvunar eða nauðasamnings.

Núna hefur hringnum svo verið lokað með dómunum tveimur frá 26. nóvember s.l., með því að Hæstiréttur hefur fjallað um réttarstöðuna við gjaldþrot. Í dómi héradsdóms hafði verið komist að þeirri niðurstöðu að dómarnir tveir frá 1995 og 1997 væru ekki forðæmi varðandi réttarstöðuna við



**Karl Axelsson, brl.**

-----  
*Með þessum dómum er  
eytt óvissu varðandi réttarstöðuna við gjaldþrotaskipti. Eftir sitja þó ákveðnar spurningar og álitafni, . . .*  
-----

gjaldþrot. Væri til þess að líta að við gjaldþrotaskipti yrði til sjálfstæð lögpersóna og nýr skattaðili, sem tæki við réttindum og skyldum þrotamanns. Þá yrði umrædd heimild virðisaukaskattslaganna að þoka fyrir ákvæðum 16. kafla gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 um skuldajöfnuð. Var því fallist á kröfu þrotabúanna um greiðslu á inneign vegna virðisaukaskatts sem tilkomin var eftir úrskurð um gjaldþrotaskipti. Þessa niðurstöðu staðfestir Hæstiréttur. Í forsendum dómsins er hnykk á því atriði að við gjaldþrotaskiptin hafi orðið til ný lögpersóna með þeim réttarverkunum sem því fylgi. Þá er víkið að því að við gjaldþrotaskipti gildi um skuldajöfnuð þær sérreglur sem staðsettar eru í 100. - 103. gr. gjaldþrotaskiptalaga og sé óumdeilt að skuldajöfnuður sá, sem ríkið byggði rétt á, fullnægði ekki skilyrðum 1. mgr. 100. gr. laganna auk þess sem hann raskaði þeirri jafnstöðu kröfuhafa sem reglur

gjaldþrotaskiptalaga byggjast á.

Með þessum dómum er eytt óvissu varðandi réttarstöðuna við gjaldþrotaskipti. Eftir sitja þó ákveðnar spurningar og álitafni, þegar dómsniðurstöðurnar þrjár eru bornar saman og þá kannski einkum við samanburð niðurstöðunnar frá 1997 um réttarstöðuna á grundvelli staðfests nauðasamnings. Í þeim dómi var, svo sem fyrr hefur verið rakið, komist að þeirri niðurstöðu að heimild ríkissjóðs til að skuldajafna skv. 25. gr. virðisaukaskattslaga stæðist þrátt fyrir staðfestan nauðasamning. Hér stóð svo á að skattkröfur ríkisins höfðu með nauðasamningi verið færðar niður um 75%. Síðar myndaðist inneign vegna innskatts skuldarans og samkvæmt umræddum dómi mátti ríkissjóður þá nýta hana til að greiða eldri skattskuldirnar að fullu eins og nauðasamningurinn hefði aldrei náð til þeirra. Þessi niðurstæða er kannski sérstaklega umhugsunarverð fyrir þær sakir að í 5. tl. 1. mgr. 28. gr. gjaldþrotaskiptalaga er tekið fram að nauðasamningur hafi ekki áhrif á kröfur sem fullnægt yrði ef bú skuldarans yrði tekið til gjaldþrotaskipta og er í greinargerð tekið fram að hér sé um að ræða tilvísun til 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Af þessu samhengi sýnist heimilt að draga þá ályktun, að líkur a.m.k. standi til þess að löggjafinn hafi ætlað hinum sérstöku skuldajöfnuðarreglum gjaldþrotaskiptalaga að gilda við nauðasamning. Þar sem ljóst er að sá skuldajöfnuður, sem deilt var um í málinu frá 1997, stóðst ekki áskilnað 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga, er nærtækt að álykta sem svo að undir þeim kringumstæðum hafi verið á því byggt með dómnum að skuldajafnaðarheimild virð-

isaukaskattslaganna hafi rutt skuldajafnaðarreglum gjaldþrotaskiptalaga. Af fyrrnefndu niðurlagi forsendna Hæstaréttar í máluum tveimur frá 26. nóvember s.l. má hinsvegar ráða að rétturinn komist þar að annarri niðurstöðu um rétt-hæð umræddrar heimildar virðis-aukaskattslaga gagnvart reglum gjaldþrotaskiptalaga.

Sú spurning sem eftir situr er þá hvort að um breytta afstöðu réttar-ins sé að ræða, þannig að skulda-

jafnaðarheimildir gjaldþrotaskipta-laga séu nú skýrðar með ófrávík-janlegum hætti og ryðji þá fortaks-laust öðrum ósamrýmanlegum skuldajafnaðarheimildum. Að öðr-um kosti hlýtur að verða spurt hvort ekki var nægilegt að byggja á því að skilyrði til að skuldajafna væru ekki fyrir hendi þegar af þeirri ástæðu að ný lögpersóna hefði leyst þrotamanninn af hólmi. Með tilvitnuðum viðbótar rök-stuðningi Hæstaréttar, um ósam-

rýmanleika skuldajafnaðarheimilda laganna tveggja og röskun á jafn-stöðu kröfuhafa, má hinsvegar segja að aftur hafi verið varpað sprekum á kulnaðar glæður þess óvissubáls sem áður brann varð-andi réttarstöðuna við greiðslu-stöðvun og þó einkum nauða-samninga.

## Frá ritstjóra og ritnefnd:

# Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að

aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundum að fylgja.

# AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

---

*Námssjóður Lögmannafélags Íslands*

# Um Hæstarétt Íslands

**U**ndanfarið hefur bæði í fjölmiðlum og blaði okkar lögmanna spunnist umræða um Hæstarétt Íslands. Einnig hefur Hæstiréttur séð til efni til þess að senda félagi okkar lögmanna bréf þar sem þakkað er samstarf við lögmenn en jafnframt bent á það sem betur mætti fara í störfum okkar.

## I.

Umræða og gagnrýni á Hæstarétt og störf hans hefur hingað til verið takmörkuð. Þegar til baka er litið verður að álykta að ein ástæðan sé sú, að rétturinn hafi leyst störf sín í gegnum árin með sóma og að eining hafi verið um úrlausnir hans og verk að megin stefnu til. Einnig hefur það eflaust haft áhrif, að til verka hafa valist í gegnum árin hæfir dómendur sem sáttt hefur verið um.

Önnur ástæða er sú að Hæstiréttur Íslands sem æðsti dómstóll er hluti af því fyrirkomulagi sem lýðræðisríki hafa talið vænlegast til þess að útkljá deilur falla á meðal. Þegar dómur er fallinn þá er hann endir þrætu og óumdeilulegur. Það sjá allir kosti slíks fyrirkomulags. Þá þarf ekki að tíunda. Og það er því m.a. þess vegna sem menn hafa ekki talið rétt að gagnrýna dóma æðstu dómstóla því það gengur gegn slíkum samfélagslegum sjónarmiðum.

Lögmenn hafa þó oftsinnis í gegnum tíðina, og þá í tilefni af því að rétturinn hefur ekki fallist á sjónarmið umbjóðenda þeirra, séð sig knúna til þess að fjalla um úrlausnir réttarins. Í raun er ekkert að því.

Formaður félagsins hefur í síðasta tölublaði Lögmannaþings séð sig knúinn til þess að minna lögmenn á síðareglur þess, sem



Guðni Á. Haraldsson, brl.

segja að lögmenn skuli fara varlega í að gagnrýna dómstóla og einungis fjalla um þá og úrlausnir þeirra á málefnalegan hátt.

-----  
*Í dag eru menn almennt sammála um að stjórnvöld, Alþingi og jafnvel forseti lýðveldisins séu ekki hafin yfir gagnrýni.*  
-----

## II.

Hér áður fyrr voru æðstu valdhafar ósnertanlegir. Gagnrýni á þá jafngilti landráðum. Eftir frönsku byltinguna og allt fram til vorra daga hefur þó breyting orðið á. Þó eimir enn eftir af þessum hugsunarhætti í íslenskri löggjöf sbr. X. kafla almennra hegningarlaga.

Með lögleiðingu Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og endurskoðun tjáningarfrelsisákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar hefur svo síðustu hindrunum fyrir frjálsri umræðu verið rutt úr vegi.

Í dag eru menn almennt sammála um að stjórnvöld, Alþingi og jafnvel forseti lýðveldisins séu ekki hafin yfir gagnrýni. Upplýsingalög og stjórnsýslulög voru einmitt sett til þess að brjóta niður þá múra sem stjórnvöld höfðu komið sér upp.

Enda held ég að allir séu sam-

mála um að það er engri stofnun greiði gerður með því að leyfa ekki slíka gagnrýni.

## III.

En þá spyr maður sig: Er Hæstiréttur Íslands undantekning? Er það hollt að viðurkenna slíka undantekningu? Ef svo er af hverju ekki forseti lýðveldisins og jafnvel forsætisráðherra?

Þegar fyrstu spurningunni er svarað þá takast á sjónarmið; annars vegar þau að dómur réttarins skuli vera endir þrætu og þau samfélagslegu sjónarmið sem reifuð voru hér að framan, og hins vegar tjáningarfrelsið og sú spurning hvort einhver hætta felist í því að leyfa óhefta gagnrýni á réttinn og störf hans.

Hæstiréttur Íslands hefur, eftir lögleiðingu Mannréttindasáttmála Evrópu, sjálfur markað þá stefnu, að tjáningarfrelsinu séu nánast engin takmörk sett. Nánast allt er leyfilegt nema að væna náungann um refsiverða háttsemi.

Og þá spyr maður sig. Er það í þeim anda sem lögmenn eru atyrkir fyrir það eitt að tjá hug sinn og gagnrýna réttinn? Og gilda þá önnur lögmál um þá og réttinn?

Eða er ekki dómstólum hollt að vita að þeirra biður gagnrýni reynist þeir ekki vinna störf sín af heilindum og lögum samkvæmt? Sú hætta sem felst í því að hefja ákveðna valdhafa þjóðfélagsins yfir gagnrýni er að mínu mati það mikil að slíkt fyrirkomulag á ekki rétt á sér.

Talað er um málefnalega gagnrýni. Gagnrýni er hluti af tjáningarfrelsinu og lýtur því sömu lögmálum og það. Hún hefur sömu landamæri og því er ekki hægt að dulbúa höft á hana með því að gera það sem skilyrði að hún sé málefnaleg. Slíkt mat er huglægt

og er síbreytilegt. Reglur sem gefa slíka uppskrift eru úreltar.

Lögmenn eru í þeirri aðstöðu að geta best metið hvort dómstólar og dómendur eru störfum sínum vaxnir. Að þagga niður í gagnrýni þeirra er ekki í anda nútímans.

#### IV.

Samskipti lögmanna við Hæstarétt hafa, að mínu mati, nær undantekningarlaust verið góð.

Í bréfi réttarins til félagsins, sem birtist í júlí hefti Lögmanna blaðsins, er þetta staðfest. Þar þakkar forseti réttarins lögmönnum fyrir gott samstarf og hlut þeirra í því að hleypta af stað hinni breyttu dómstólaskipan. Jafnframt bendir hann á leiðir sem lögmönnum eru færar til þess að auðvelda réttinum enn frekar að leysa hlutverk sitt af hendi. Er þetta af hinu góða því lengi getur gott batnað.

Undirritaður hnaut hins vegar um eitt atriði í bréfi réttarins er sneri að gerð skrár yfir málsatvik í tímaröð. Ekki er að efa að slík skrá getur auðveldað réttinum störf sín. Hins vegar er til þess að líta að slíkt hefur í för með sér mjög aukna vinnu fyrir lögmenn. Ég er viss um að lögmenn væru tilbúnir að leggja þá vinnu á sig vitandi það að rétturinn myndi taka tillit til hennar í málskostnaðarákvörðunum sínum.

Því miður er það svo, að hinn

virðulegi réttur virðist oftsinnis ekki gera sér grein fyrir þeirri miklu vinnu er liggur að baki því að framreiða málin sómasamlega fyrir réttinn. Einkum hefur þessa gætt í ákvörðunum réttarins um málsvarnarlaun lögmanna í opinberum málum. Að ætla lögmanni, sem hefur þær skyldur sem á hann eru lagðar lögum samkvæmt sem verjanda, að taka við ákvörðun upp á kr. 25.000 fyrir flutning í opinberu máli er í raun óskiljanlegt. Lögmenn leggja metnað sinn í að einfalda málin fyrir réttinum og vanda málflytning sinn. Miðað við þann taxa sem hæstaréttarlögmenn starfa á þá rúmast ekki mikil vinna innan ofangreindrar fjárhæðar. Í slíkum ákvörðunum réttarins felast ákveðin skilaboð til lögmanna.

-----

*Lögmenn eru í þeirri  
aðstöðu að geta best metið  
hvort dómstólar og  
dómendur eru störfum  
sínum vaxnir.*

-----

En hversu ómerkileg sem mál eru, þá er ætíð ákveðin grunnvinna að baki þeim sem verður ekki hjá komist að vinna. Hér í þessari grein eru ekki tók á því að

þylja slík störf upp. Það að hafa ræður sínar hnitmiðaðar og kjarnyrtar, eins og rétturinn fer fram á, hefur auk þess í för með sér mun meiri vinnu.

Ég held að lögmenn séu fúsir til þess að koma til móts við hinn virðulega rétt í þessum málum en viðleitnin verður þá að vera gagnkvæm.

#### V.

Er greinarstúfur þessi var fyrst í smíðum, hafði undirritaður inni þá athugasemd, að hann saknaði þess að við endurskoðun laga um Hæstarétt hefði ekki verið gert ráð fyrir, að rétturinn tilkynnti fyrirfram um dómara hvers máls.

Ástæðuna sjá allir. Dómarar Hæstaréttar geta, jafnt sem dómara héraðsdóms, verið vanhæfir til setu í dómi.

Í millitíðinni hefur það gerst að í síðustu málaskrá réttarins er slíkar upplýsingar að finna. Þannig eru upphafsstafir hvers dómara nú settir á hvert mál í málaskrá. Þessari breytingu ber að fagna.

#### VI.

Að endingu vill undirritaður leggja á það áherslu að samstarf lögmanna og hins virðulega réttar hefur verið með ágætum. Er það von undirritaðs að svo verði áfram.



## *Jóla- og nýárskveðja*



*Stjórn og starfsfólk  
Lögmannafélags Íslands*

*senda félagsmönnum, samstarfsfólki þeirra og*

*fjölskyldum bestu óskir um*

*glédileg jól og farsælt komandi ár.*







# EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

## DIRECTOR FOR LEGAL AND EXECUTIVE AFFAIRS

The main task of the EFTA Surveillance Authority is to ensure the fulfilment by the EFTA States of their obligations under the Agreement on the European Economic Area (EEA), as well as the application of the rules of the Agreement concerning undertakings.

The EFTA Surveillance Authority shall recruit, as of 1 June 1999, a Director to be head of the Department for Legal and Executive Affairs. The appointment will be on a three years fixed term contract, renewable once.

The Department in question is responsible for providing legal advice to the other departments of the Authority in their surveillance of the implementation and application by Iceland, Liechtenstein and Norway of their obligations under the EEA Agreement. All formal decisions of the Authority are during their preparations scrutinized from a legal point of view by the department in question. The department represents the Authority in court proceedings.

Required background: Excellent university degree in law. Service at a responsible level in a legal department of a Ministry, national authority or a comparable body. Comprehensive knowledge of and close familiarity with the legal framework of the European Union and the European Economic Area. Comprehensive experience regarding legal aspects of international trade and other economic co-operation and, in particular for European economic integration. Excellent oral and written command of English, including ability to draft legal texts. Good working knowledge of either German, Norwegian or Icelandic. Ability to understand French written and spoken. Excellent presentation skills. Experience of international court proceedings is desirable.

For further information and application form (No 1/99) please contact

**EFTA Surveillance Authority - Administration**  
**Rue de Trèves 74, B-1040 Brussels**  
**Tel. (+32 2) 2861 891 (application forms)**  
**Tel. (+32 2) 286 18 20 or 286 18 30 (information)**  
**Fax (+32 2) 286 18 00**

**Deadline for application: 25 January 1999**

Further information can be found on our homepage: <http://www.efta.int/>

# Breytingar á félagatali

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á félagatalinu frá síðasta tölublaði Lögmannablaðsins:

## *Ný málflutningsleyfi fyrir beraðsdómi:*

**Bjarni Benediktsson**, hdl., Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

**Bjarni Eiríksson**, hdl., Vesturgötu 56, 101 Reykjavík, sími 562-1035.

**Dóra Sif Tynes**, hdl., fulltrúi hjá Andra Árnasyni, hrl., Garðastræti 17, 101 Reykjavík, sími 552-9911, bréfsími 552-9191.

**Einar Símonarson**, hdl., Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 525-7000.

**Friðrik Á. Hermannsson**, hdl., Vélstjórafélagi Íslands, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, sími 562-9062, bréfsími 562-9096.

**Guðjón Rúnarsson**, hdl.

**Guðjón Ægir Sigurjónsson**, hdl., fulltrúi hjá Lögmonnum, Suðurlandi, Austurvegi 3, 800 Selfossi, sími 482-2988, bréfsími 482-2801.

**Halldór H. Backman**, hdl., Lág múla 7, pósthólf 8383, 128 Reykjavík, sími 581-1160, bréfsími 581-1170.

**Pétur Gunnlaugsson**, hdl.

**Runólfur Ágústsson**, hdl., Laufási, 311 Borgarnesi.

**Sandra Baldvinsdóttir**, hdl., Húseigendafélaginu, Síðumúla 29, 108 Reykjavík, sími 588-9567, bréfsími 588-9537.

**Steinar Þór Guðgeirsson**, hdl., fulltrúi á Lögheimtunni, Laugavegi 97, 101 Reykjavík, sími 552-7166, bréfsími 552-3356.

**Svala Hilmarsdóttir**, hdl., fulltrúi hjá Atla Gíslasyni, hrl., Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík, sími 562-2024, bréfsími 562-0610.

**Svala Ólafsdóttir**, hdl., Laugalæk 12, 104 Reykjavík, sími 553-2156.

**Viðar Lúðvíksson**, hdl., fulltrúi hjá Garðari Garðarssyni, hrl. og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni, hrl., Hafnarargötu 31, 230 Keflavík, sími 421-1733, bréfsími 421-4733, netfang vidar@landslog.is

**Ægir Guðbjarni Sigmundsson**, hdl., fulltrúi hjá Tómasi Þorvaldssyni, hdl., Pósthússtræti 13, 101 Reykjavík, sími 511-2525, bréfsími 511-2550.

## *Ný málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti Íslands:*

**Aðalsteinn E. Jónasson.**

**Kristinn Bjarnason.**

**Leó E. Löve.**

**Ólafur Björnsson.**

**Steingrímur Gautur Kristjánsson**, Fjólugötu 13, 101 Reykjavík, sími/bréfsími 562-1313.

## *Eldri leyfi leyst út:*

**Árni Páll Árnason**, hdl., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, sími 552-3680, bréfsími 552-3650, netfang apa@centrum.is

**Ásmundur G. Vilhjálmsson**, hdl., Skaftahlíð 11, 105 Reykjavík, sími/bréfsími 552-0488.

**Bjarnfreður Ólafsson**, hdl., Hamraborg 10, 200 Kópavogi, sími 554-3929, bréfsími 554-3916, netfang law@business-law.is, heimasíða www.business-law.is

**Erla S. Jónsdóttir**, hrl., Sæbraut 9, 170 Seltjarnarnesi, sími 561-2148.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir**, hdl., Samtökum verslunarinnar – FÍS, Húsi verslunarinnar, 103 Reykjavík, sími 588-8910, bréfsími 568-8441, netfang gudrun@fis.is

**Helgi Jenson**, hdl., Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, sími 470-2200, bréfsími 470-2201, netfang fastaut@eldhorn.is

**Rúna S. Geirsdóttir**, hdl., Kópavogsbraut 99, 200 Kópavogi, sími 845-4553, bréfsími 564-2825.

**Sigurður Gizurarson**, hrl., Víkurströnd 6, 170 Seltjarnarnesi, sími 561-5525, bréfsími 561-7600.

## *Innlagning málflutningsleyfa:*

**Auður Hörn Freysdóttir**, hdl.

**Ásta S. Helgadóttir**, hdl.

**Gunnar Jakobsson**, hdl.

**Hallgrímur Ásgeirsson**, hdl.

**Jónas Fr. Jónsson**, hdl.

**Ólöf Finnsdóttir**, hdl.

**Ragnar Tómasson**, hdl.

**Unnur Gunnarsdóttir**, hdl.

## *Látnir félagsmenn:*

**Arnmundur Backman**, hrl.

**Þorfinnur Egilsson**, hdl.

## *Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:*

**Atli G. Helgason**, hdl., Handsali hf., Engjateigi 9, 105 Reykjavík, sími 510-1600, bréfsími 588-0058.

**Árni Einarsson**, hdl.: netfang arni@logmannastofan.is

**Árni Þór Þorbjörnsson**, hdl., Landsbanka Íslands, Hafnarholi, 155 Reykjavík, sími 560-6830, bréfsími 562-3908, netfang arni.thorbjornsson@lais.is

**Ástráður Haraldsson**, hrl., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, sími 511-1190, bréfsími 511-1195.

**Baldur Guðlaugsson**, hrl., netfang baldur@isgatt.is

**Baldvin Hafsteinsson**, hdl., Alþjóðleg miðlun ehf., Tryggvagötu 8, 101 Reykjavík, sími 511-6010,

bréfsími 511-6001, netfang baldvinh@skyr.is

**Benedikt Guðbjartsson**, hdl., Landsbanka Íslands, Hafnarhvoli, 155 Reykjavík, sími 560-6843, bréfsími 562-3908, netfang benedikt.gudbjartsson@lais.is

**Björn L. Bergsson**, hdl., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, sími 511-1190, bréfsími 511-1195.

**Bogi Ingimarsson**, hrl., Sigtúni 57, 101 Reykjavík, sími 553-6595.

**Einar Baldvin Axelsson**, hdl., netfang einar@colaw.is

**Erlingur Óskarsson**, hdl., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, sími/bréfsími 588-6840.

**Friðrik Arngrímsson**, hdl., netfang fridrik@isgatt.is

**Gardar Gardarsson**, hrl., netfang gardar@landslog.is

**Gunnar Sturluson**, hdl., netfang gunnar@colaw.is

**Gunnar Viðar**, hdl., Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, sími 560-6398, netfang gunnar.vidar@lais.is

**Haraldur Blöndal**, hrl., Klapparstíg 25-27, pósthólf 36, 121 Reykjavík, sími 551-1733, bréfsími 552-2396.

**Hákon Árnason**, hrl., netfang hakon@colaw.is

**Hilmar Björgvinsson**, hdl., Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, sími 568-6099, bréfsími 568-6299

**Ingibjörg Bjarnadóttir**, hdl., Skippholti 50 C, 105 Reykjavík, sími 553-5350, bréfsími 553-5321, netfang logsatt@itn.is

**Ingólfur Friðjónsson**, hdl.: netfang islaw@itn.is

**Jakob R. Möller**, hrl., netfang jakob@colaw.is

**Jóhann Halldórsson**, hdl., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík, sími 511-1190, bréfsími 511-1195.

**Jóhann H. Nielsson**, hrl., netfang jonni@isgatt.is

**Jóhannes Bjarni Björnsson**, hdl., netfang jbb@isgatt.is

**Jóhannes Johannessen**, hdl., Landsbanka Íslands, Hafnarhvoli, 155 Reykjavík, sími 560-6830, bréfsími 562-3908, netfang johannes.johannessen@lais.is

**Jóhannes K. Sveinsson**, hdl., netfang jks@landslog.is

**Jón Valgeir Guðmundsson**, hdl.: netfang logmvest@eyjar.is

**Jón Sigfús Sigurjónsson**, hdl., Aðalgötu 14, 550 Sauðárkróki, sími 453-5580, bréfsími 453-6068, netfang jon.sigfus@skyr.is

**Jón G. Zoëga**, hrl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími 511-1220, bréfsími 511-1214, netfang iceland@islandia.is

**Jón Þóroddsson**, hdl., Garðatorgi 3, pósthólf 31, 210 Garðabæ, sími 565-8880, bréfsími 565-8790.

**Jörundur Gauksson**, hdl., Austurvegi 4, 800 Selfossi, sími 861-6316, bréfsími 482-2582.

**Kristín Edwald**, hdl., netfang kristin@colaw.is

**Kristján Sigurgeirsson**, hdl., Landsbanka Íslands, Hafnarhvoli, 155 Reykjavík, sími 560-6830, bréfsími 562-3908, netfang kristjan.sigurgeirsson@lais.is

**Kristján Þorbergsson**, hdl., netfang krth@isgatt.is

**Logi Egilsson**, hdl., netfang logi.hdl@tv.is

**Magnús Baldursson**, hdl.: netfang magnus@frv.is

**Ólafur Björnsson**, hrl.: netfang logmob@eyjar.is

**Ólafur Þóroddsen**, hdl., Síðumúla 33, 108 Reykjavík, sími 568-3330, bréfsími 568-3331.

**Páll Arnór Pálsson**, hrl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími 511-2233, bréfsími 511-2234, netfang pals@mmedia.is

**Pétur Einarsson**, hdl., Brautarholti 4, 105 Reykjavík, sími 561-4030, bréfsími 453-5034.

**Pétur Guðmundarson**, hrl., netfang pg@colaw.is

**Ragnar Baldursson**, hdl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími 511-2233, bréfsími 511-2234, netfang lagalind@mmedia.is

**Ragnhildur Benediksdóttir**, hdl., Laufásvegi 19, 101 Reykjavík, sími 552-8319.

**Reinhold Kristjánsson**, hrl., Landsbanka Íslands, Hafnarhvoli, 155 Reykjavík, sími 560-6830, bréfsími 562-3908, netfang reinold.kristjansson@lais.is

**Rúnar S. Gíslason**, hdl., Lágmúla 5, 108 Reykjavík, sími 581-3600, bréfsími 581-3601, netfang runarg@mmedia.is

**Sigríður Stefánsdóttir**, hdl.: netfang sigridur@logmannastofan.is

**Sigurður Guðmundsson**, hdl., Sóltúni 3, 105 Reykjavík, sími 561-0325, bréfsími 561-0324.

**Sigurður Jónsson**, hrl.: netfang logmsj@eyjar.is

**Sigurður Sigurjónsson**, hdl.; netfang logmss@eyjar.is

**Sigurður A. Þóroddsson**, hdl., Bolholti 6, 105 Reykjavík.

**Skúli Bjarnason**, hrl.: netfang islaw@itn.is

**Stefán Pálsson**, hrl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími 511-2233, bréfsími 511-2234, netfang stefanp@mmedia.is

**Steingrímur Eiríksson**, hdl.: netfang steingrimur@logmannastofan.is

**Svanhvít Axelsdóttir**, hdl., netfang svanhvit@colaw.is

**Svanur Þór Vilhjálmsson**, hdl., sími/bréfsími 588-9411.

**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**, hrl., netfang vhw@landslog.is

[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

# Skipun í nefndir

Samkvæmt lögmannalögum, nr. 77/1998, sem taka gildi um áramótin, taka til starfa 3 nefndir, úrskurðarnefnd lögmannna, prófnefnd um héraðsdómslögmannsréttindi og prófnefnd um hæstaréttarlögmannsréttindi. Nefndirnar eru skipaðar þannig:

## **Úrskurðarnefnd lögmannna:**

Fulltrúar LMFÍ, kosnir á framhaldsaðalfundi 12. nóvember s.l.:

### **Aðalmenn:**

Jóhannes Sigurðsson, hrl.  
Skarphéðinn Þórisson, hrl.

### **Varamenn:**

Bjarni Þór Óskarsson, hdl.  
Kristín Briem, hrl.

Tilnefndir af hálfu Hæstaréttar Íslands:

### **Aðalmaður:**

Gestur Jónsson, hrl.

### **Varamaður:**

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

Tilnefndir af hálfu Dómarafélags Íslands:

### **Aðalmaður:**

Friðgeir Björnsson, dómstjóri.

### **Varamaður:**

Ólöf Pétursdóttir, dómstjóri.

Tilnefndir af hálfu dómsmálaráðuneytisins:

### **Aðalmaður:**

Hrefna Friðriksdóttir, hdl.

### **Varamaður:**

Elín S. Jónsdóttir, lögfræðingur.

## **Prófnefnd um hdl.-réttindi:**

Tilnefndir af hálfu L.M.F.Í.:

### **Aðalmaður:**

Sif Konráðsdóttir, hdl.

### **Varamaður:**

Stefán Geir Þórisson, hrl.

Tilnefndir af hálfu lagadeildar H.Í.:

### **Aðalmaður:**

Eiríkur Tómasson, lagaprófessor, formaður nefndarinnar.

### **Varamaður:**

Páll Sigurðsson, lagaprófessor, varaformaður.

Tilnefndir af hálfu dómsmálaráðherra:

### **Aðalmaður:**

Símon Sigvaldason, skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands.

### **Varamaður:**

Fanney Óskarsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

## **Prófnefnd um hrl.-réttindi:**

Tilnefndir af hálfu L.M.F.Í.:

### **Aðalmaður:**

Jakob R. Möller, hrl.

### **Varamaður:**

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

Tilnefndir af hálfu Hæstaréttar Íslands:

### **Aðalmenn:**

Björn Þ. Guðmundsson, lagaprófessor.  
Hervör Þorvaldsdóttir, héraðsdómari.

### **Varamenn:**

Viðar Már Matthíasson, lagaprófessor.  
Þorgeir Ingi Njálsson, héraðsdómari.

Sími **568 9095**

# Eyðing skjala

**Einfalt  
Öruggt  
Fljótlegt**



GAGNAEYÐING

Gagnaeyðing ehf.  
Skútuvogi 13 - 104 Reykjavík  
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803  
Netfang: [gagnaeyding@vortex.is](mailto:gagnaeyding@vortex.is)  
Opíð frá kl. 9:00 til 17:00,  
mánudaga til föstudaga (og eftir samkomulagi).

**FRYKKITÖNG**



*Stimplaðir fyrir gæði.  
Samfellt þjónusta frá 1959.*

## Gullþrykkt traust.

Upphleypt innsigli er mikilvægur þáttur í að skapa traust og fyrirbyggja fölsun.

FRYKKITANGIR eru víða erlendis notaðar af embættismönnum, opinberum stofnunum, lögmönnum, verkfræðingum og fleirum þegar ábyrgjast þarf uppruna gagna.

BOÐI, stimplagerð, hefur nýverið fest kaup á laser-skurðvél af fullkornustu gerð, sem gerir það að verkum að hægt er að grafa í mót texta og hvers kyns merki. Þessi þjónusta er nýjung héraðs og tryggir skemmri afgreiðslufrest og fullkomið öryggi fyrir kaupandann.

Ídeal þrykkítangirnar eru ekki aðeins af hæsta gæðaflokki – þær eru líka sönn borðþryði.

**Leitið nánari upplýsinga!**

**BOÐI**  
Stimplagerð hf.

Ídeal®  
**COLOP**  
Royal Mark®  
THE MARK OF EXCELLENCE

Bólholt 6 · 105 Reykjavík · Sími: 511 1400 · Fax: 511 1401 · Netfang: [bodi@vortex.is](mailto:bodi@vortex.is)

# Frá laganefnd LMFÍ

Á starfsárinu hafa laganefnd borist 29 umsagnarbeiðnir. Á undanförunum vikum hefur nefndin afgreitt nokkrar umsagnir og verður hér gerð stuttlega grein fyrir þeim.

## 1. Frumvarp til innheimtulaga.

Í umsögn laganefndar kom m.a. eftirfarandi fram:

„Laganefnd hefur þrívægis áður sent umsagnir um frumvarpið, þegar samning þess stóð yfir í viðskiptaráðuneytinu og þegar það var fyrst lagt fram á Alþingi á síðasta lögjafarþingi. Nefndin telur enn nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

### I.

Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. mgr. 24. gr. lögmannalaga, nr. 77/1998, verði felld niður.

Í 3. mgr. 24. gr. lögmannalaga er kveðið á um það að dómsmálaráðherra sé heimilt, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að gefa út leiðbeiningar handa lögmonnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Þá er kveðið á um það að lögmonnum sé óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

Laganefnd telur nauðsynlegt að vekja athygli á því að leiðbeiningar þær, sem dómsmálaráðherra er heimilt að setja samkvæmt 3. mgr. 24. gr. lögmannalaga (lögin taka gildi um næstu áramót), ná ekki einungis til kostnaðar á frumstigi innheimtu heldur einnig til þess kostnaðar, sem kann að leiða af innheimtu kröfu á síðari stigum, þ.e. á grundvelli réttarfarslaga.

### II.

Sú breyting hefur verið gerð á frumvarpinu, frá fyrri útgáfu þess, að í 6. mgr. 15. gr. er nú gert ráð fyrir að gagnvart lögmonnum fari úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt innheimtulögum og lögmannalögum. Í fyrri útgáfu frumvarpsins var það stjórn Lögmannafélags Íslands sem fór með eftirlitið.

Laganefnd telur að hér gæti einhvers misskilnings frumvarpshöfunda um hlutverk úrskurðarnefndar samkvæmt lögmannalögum. Þessi misskilningur kemur glögglega í ljós í athugasemdum með 15. gr. innheimtulagafrumvarpsins, en þar er því haldið fram að úrskurðarnefnd lögmanna fari með eftirlit með gjaldtöku, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Laganefnd vísar í þessu sambandi til ákvæða lögmannalaga um úrskurðarnefndina, en þar er í engu vikið að eftirlitshlutverki nefndarinnar. Þess í stað er stjórn L.M.F.Í. falið eftirlit með fjárvörslureikningum og starfsábyrgðartryggingum lögmanna, sbr. 12. gr. lögmannalaga. Hlutverk úrskurðarnefndar lögmanna er, eins og nafnið bendir til, að leysa úr ágreiningsmálum um gjaldtöku lögmanna og störf þeirra, ef slík mál eru borin undir nefndina.

Laganefnd leggst eindregið gegn þeirri breytingu, sem

hér er ráðgerð á hlutverki úrskurðarnefndar lögmanna. Lagt er til að fyrri útgáfa frumvarpsins haldi sér óbreytt að þessu leyti.”

## 2. Frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum.

Laganefnd tjáði sig með eftirgreindum hætti um frumvarpið:

„Ljóst er að í umræddi frumvarpi felst ráðagerð um jöfnun lífeyrisréttinda milli hjóna við skilnað en í því er falin mikil réttarbót, þar sem telja verður að í áunnum lífeyrisréttindum, þó þau teljist persónubundin og skilyrt, felist mikil fjárverðmæti. Á hinn bóginn er það í mörgum tilvikum örðugleikum háð að koma á sanngjarnri skiptingu réttindanna, m.a. þar sem lífeyrisréttindi fara í flestum tilvikum eftir reglugerðum þeirra starfsgreinasjóða sem um ræðir. Samhliða þessum réttarúrþótum kann því að vera nauðsynlegt að lögleiða sértækar réttarreglur sem gerðu slíka skiptingu lífeyrisréttinda almennt færa innan lífeyriskerfisins, en að slíku er m.a. vikið í 14. gr. laga nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða.”

## 3. Frumvarp til laga um breytingar á skaðabótalögum.

Eftir skoðun á frumvarpinu komst nefndin að eftirfarandi niðurstöðu:

„Umsagnarbeiðnin barst félaginu 20. nóvember 1998 og frestur til að skila umsögn var til 4. desember 1998. Að mati laganefndar er 14 daga umsagnarfræstur um svo mikilvægt lagafrumvarp full stuttur.

Laganefnd vill gera athugasemdir um eftirfarandi atriði í frumvarpinu.

1. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er fyrirhugað að breyta 1. mgr. 2. gr. skaðabótalaga þannig að í stað þess að miða bætur fyrir tímabundið atvinnutjón fyrir tímabilið þar til ekki er að vænta frekari bata, eins og núgildandi ákvæði hljóðar, verði miðað við tímabil þar til heilsufar tjónþolans er orðið stöðugt. Tilgangurinn með þessari breytingu er útskýrður í greinargerð með frumvarpinu og eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir um það. Hins vegar bendir laganefnd á að gleymst hefur að gera ráð fyrir sambærilegri breytingu á orðalagi í 1. mgr. 5. gr. laganna.

2. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er fyrirhugað að bæta nýrri málsgrein við 26. gr. skaðabótalaga, sem felur í sér það nýmæli að nánar tiltekni ættingjar látins manns eigi rétt til miskabóta í vissum tilvikum úr hendi tjónvalds. Samkvæmt frumvarpstextanum sjálfum er skilyrði miskabóta það að tjónvaldur valdi dauða annars manns af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt athugasemdum með þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar miðað við að brotið hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Frumvarpstextinn gerir að þessu leyti ráð fyrir mun víðtækari miskabótarétti en greinargerð frumvarpsins.

Laganefnd telur að í frumvarpi þessu felist veruleg réttbót og hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi.”

#### 4. Frumvarp til laga um þjónustukaup.

Umsögn laganefndar um frumvarpið hljóðar svo:

„Laganefnd hefur áður veitt umsögn sína um frumvarpið en ekki er að sjá að gerðar hafi verið á því breytingar frá því það var fyrst lagt fram á Alþingi.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er því ætlað að taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu, sem veitt er neytendum í atvinnuskyni, sbr. nánari tilgreiningu í 1. – 4. tölulið 1. gr. frumvarpsins. Við samningu frumvarpsins var m.a. stuðst við norsk lög um sama efni og frumvarp til sambærilegra laga í Danmörku.

Laganefnd telur það almennt til bóta að lögfesta þær meginreglur kröfuféttarins, sem fjalla um þjónustukaup, svo sem stefnt er að með frumvarpinu.

Að því er varðar einstök ákvæði frumvarpsins er rétt að taka eftirfarandi fram:

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild neytanda til að halda eftir eigin greiðslu vegna galla á þeirri þjónustu, sem veitt er. Í lokamálsgrein er heimilað að neytandi geti haldið allri greiðslu sinni þar til úrbætur hafa farið fram, nema að gallinn teljist óverulegur, þá má einungis halda eftir greiðslu sem jafngildir kostnaði við úrbætur á

gallanum. Ákvæðið mælir með öðrum orðum svo fyrir að alltaf megi halda allri greiðslu, nema að gallinn sé óverulegur. Ekki verður séð að rétt sé að víkja frá g runnsjónarmiðum um að réttur til að halda eigin greiðslu sé jafnan í samræmi við þann galla sem um ræðir.

Í 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um riftunarheimild, ef „... seld þjónusta er gölluð og vinnu sem hefur verið unnin er verulega áfátt . . .“ Að mati laganefndar er þetta orðalag óskýrt og mætti gjarnan umórðast þannig að það verði betur skiljanlegt.

Í lokamálsgrein 23. gr. segir að seljandi þjónustu eigi kröfu með sama hætti og neytandi, ef tímamörk sem samið hefur verið um, eru ekki virt. Greiðsla neytanda er væntanlega í flestum tilvikum peningagreiðsla, sem inna á af hendi sem endurgjald fyrir veitta þjónustu. Vanefndir á peningagreiðslum varða jafnan eingöngu dráttarvöxtum, en annað fjártjón er ekki bætt. Með vísan til þessa er óljóst hvað átt er við með niðurlagi 23. gr.

Í IX. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um meðferð hluta, sem ekki eru sóttir. Í 37. gr. er almenn regla um umönnunarskyldu seljanda þjónustu (1. mgr.) og um advörunarskyldu (1. málsliður 2. mgr.). Ekki verður betur séð en að regla sú, sem mælt er fyrir um í 2. málslið 2. mgr. 37. gr. tilheyrir úrræðum þeim, sem vikið er að í 38. gr.“

## Lítillega um árgjöld

**Á**rgjöld til Lögmannafélags Íslands á liðandi ári eru 25.000 krónur og hafa lítið breyst á nokkrum undanförunum árum. Tekjur félagsins af málagjaldi hafa hins vegar dregist verulega saman og hverfa með öllu um næstu áramót, samkvæmt nýjum samþykktum félagsins sem þá taka gildi.

Félagsmenn eru nú rúmlega 500 talsins en um 420 þeirra greiða árgjöld.

Samkvæmt athugun á vegum stjórnar LMFÍ í vor, um hlutfall lögbundinnar starfsemi af heildarstarfsemi félagsins, standa árgjöldin tæplega undir lögbundna hlutanum. Vísast nánar um þetta til 9. tölublaðs fréttabréfs félagsins frá júní síðast liðnum.

Tilfærsla verkefna til félagsdeildar (þjónustudeildar) um áramótin, ein sér, breytir e.t.v. ekki miklu um rekstur hins lögbundna hluta starfseminnar, þar sem í leiðinni færast tekjustofnar til þeirrar deildar. Skipulagsbreytingarnar kunna hins vegar að skapa betra svigrúm til að auka við þjónustu félagsins, nú innan félagsdeildarinnar sem ekki er með skyldubundna aðild. Það, hvað félagar í félagsdeildinni eru reiðubúnir að greiða í árgjöld til hennar, ræður mestu um hvaða þjónustu verður hægt að veita.

Fróðlegt er til samanburðar að sjá hver árgjöldin eru hjá nokkrum öðrum hagsmun- og fagfélögum háskólamenntaðra stétta.

#### Arkitektafélag Íslands:

Félagsmenn 316, þar af 267 fullgildir.  
Árgjald 29.000 krónur (A-gjald sem fullgildir félagsmenn greiða, áðrir greiða minna).

#### Félag löggiltra endurskoðenda:

Félagsmenn 230.  
Árgjald 42.000 krónur.

#### Félag viðskipta- og hagfræðinga:

Félagsmenn 2400.  
Árgjald 4.600 krónur.

#### Læknafélag Íslands:

Félagsmenn um 1400, þar af 900 gjaldskyldir.  
Árgjald 45.000 krónur (1998 – hækkar í 54.000 árið 1999).

#### Tannlæknafélag Íslands:

Félagsmenn 300, þar af 275 starfandi.  
Árgjald 46.000 krónur.

#### Tæknifræðingafélag Íslands:

Félagsmenn 730.  
Árgjald 19.900 krónur.

#### Verkfræðingafélag Íslands:

Félagsmenn 1000. Í Stéttarfélagi verkfræðinga eru 800 félagsmenn, þar af 400 sem einnig eru í VFÍ.  
Árgjald í VFÍ 19.000 krónur og í Stéttarfélagi verkfræðinga 12.000 krónur.





Tvö síðast nefndu félögin hafa sameiginlegan framkvæmdastjóra og skrifstofurekstur.

# HÁIR VEXTIR

## Fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Peningamarkaðsreikningur sparisjóðsins er afburða góður kostur fyrir fyrirtæki sem leita eftir hagkvæmri lausafjárávöxtun og einstaklinga sem vilja njóta hárra vaxta peningamarkaðarins og öryggis og sveigjanleika sparireiknings.



-  **Vextir taka miða af reglulegum ríkisvixlaútboðum ríkissjóðs að frádregnum 0,5%**
-  **10 daga binditími- eftir það er reikningurinn alltaf laus til úttektar**
-  **Engin þjónustugjöld, innlausnargjald eða aðrar þóknanir.**
-  **250.000 kr. lágmarksinnistæða**

Hafðu samband við þjónustufulltrúa SPRON og kynntu þér nánar kosti Peningamarkaðsreiknings - það margborgar sig.



PENINGAMARKAÐSREIKNINGUR  
SPRON



**SPRON**  
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Sími 550 1200 • [www.spron.is](http://www.spron.is)